

Undir Jökli

I.

Búðir og Búðahraun.

Ysti hluti Snæfellsness, svæðið umhverfis Snæfellsjökul, hefur manna á meðal jafnan verið nefnt “undir Jökli” og vita þá flestir við hvað er átt. “Undir Jökli” er nú orðið eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins og ber margt til. Þar eru söguríkir staðir, fjölbreytt landslag og sérstæð náttúrufergurð, auk margs annars, sem vekur forvitni manna. Því er ætlunin að sækja heim nokkra staði á þessum slóðum og kynnast þeim nánar. Hver þeirra hefur sitt svipmót, sem allir sjá, en að auki er svo fjölda margt, sem glöggskyggirnir ferðamenn skynja hver með sínum hætti og aldrei verður fest á blað.

Fyrsti áningarstaðurinn verður að Búðum, en þær eru á sunnanverðu nesinu í austurjaðri Búðahrauns við Búðaós, gegnt Fróðárheiðinni, en um hana liggur vegurinn norður yfir nesið til Ólafsvíkur. Saga Búða er löng, allt frá landnámsöld, en þá var þar mikil hafskipahöfn og tíðar siglingar þangað erlendis frá. Þá hét staðurinn Hraunhöfn eða Haunhafnarós og er hans víða getið í sögum. Síðar hófst þar mikil útgerð og var búið stórt, bæði til lands og sjávar allt fram á 4. tug 20.aldar. Nú er þar enginn búskapur en sumarhótel hefur starfað á Búðum frá því um 1950 með stuttum hléum. Er staðurinn því mörgum kunnur.

Merki um þetta litríka mannlíf fyrri tíma eru víða greinileg heima á Búðum, en þau er einnig að finna þar í grenndinni. Því er ekki úr vegi að bregða sér í tvær stuttar gönguferðir frá hótelinu og skoða nokkra nánar það sem sagan geymir.

Fyrst göngum við með sjónum að Frambúðum en sú leið er um 3 km löng. Þar versluðu Brimakaupmenn á 16. öld, en síðar varð staðurinn þekktur fyrir útræði. Ströndin er forvitnileg, þar skiptast á dökkir, skuggalegir klettir og ljós fjörusandur, sem skapar hin ákjósanlegu skilyrði til sjávarbaða á sólríkum sumardögum. Liturinn á þessum sandi vakti ýmsar spurningar fyrrum, hann hefur gullslit, og því var hann ort nefndur Gullsandur.

Á Frambúðum blasa við rústir af verbúðum, hlaðnir grjótgarðar og fiskreitir, þar sem fiskurinn var þurrkaður, og ef grannt er skoðað má finna leifarnar af lýsis- og lifrargryfjum, en það voru holur grafnar í jörð, sem lifrinni var fleygt í. Smátt og smátt varð jarðvegurinn gegnsósa af sjálfrunnu lýsinu og á endanum hélt hann algjörlega. Þannig björguðu menn sér, þegar tunnur skorti undir lýsið. En sjálfsagt hefur vöruvöndun verið ábótavant samkvæmt nútímakröfum. Og frammi við fjöruborðið sést móta fyrir rásinni, sem rudd var þegar landingin var gerð. Hún segir sína sögu. Frá mörgu fleira mætti segja, en hér verður að fara hratt yfir sögu og sleppa mörgu.

Hin leiðin sem ég vil benda mönnum á liggur á gíginn Búðaklett, sem rís upp úr miðju hrauninu alllangt fyrir vestan hótelið. Fræðimenn telja að Búðahraun sé 5000-8000 ára gamalt. Það rann til allra átta frá Búðakletti og er mjög úfið og illt yfirferðar. Þvert yfir hraunið hefur verið ruddur stígur, sem heitir Klettsgata. Gatan er mjög krókótt og þröng og víða vörðuð. Allar líkur benda til að hún sé mjög gömul því víða hafa hestahófar markað alldjúpar raufa í harða hraunhelluna. Víða má finna í

hrauninu djúpa og skjólgóða hraunkatla eða gjótur, þar er að finna mjög sérstæðan og merkilegan gróður. Á þessum litla bletti menn fundið rúmlega 130 tegundir plantna, þar af 11 tegundir burkna, en um 16 tegundir burkna hafa fundist á landinu öllu til þessa. Einkenni á mörgum þessara plantna er hversu stórvaxnar þær geta orðið. Hefur það vakið furðu vísindamanna.

Ekki eru menn á eitt sáttir um ástæðurnar fyrir þessari miklu gróðursæld. Hraunið er gljúpt og á hlýjum sumardögum getur orðið afar heitt í hraungjótunum og svo er vitað að í stórstreymi fellur sjórinn langt inn undir hraunið og geta ræturnar nærst á söltum sjó.

Gangan á Búðakletti er ekki neinum erfiðleikum háð. Gígurinn er 66 m y.s. og liggur gatan meðfram honum að norðanverðu. Vestan við gíginn er Búðahellir, eða Klettshellir öðru nafni. Margar sagnir hafa myndast um hann. Tröllkarl átti að eiga þar heima, sem grandaði bæði fé og mönnum, en merkastur var hellirinn samt talinn fyrir það að frá honum áttu að liggja göng, sumir sögðu að göngin næðu alla leið upp í Surtshelli en aðrir töldu þau ná suður á Reykjanes og liggja undir Faxflóa. Er þetta haft eftir mönnum, sem höfðu sannreynt þetta og farið um þessi göng. Að lokinni göngu um þessa undirheima og aftur komnir upp á yfirborð jarðar kom í ljós að þeir höfðu gullsand í skónum, sem þeir fengu einhversstaðar á leiðinni.

Bergið í Búðakletti er þrídílótt. Í sundurbrotnum steini má sjá gula, hvíta og svarta díla. Þessir dílar sjást víða í sandi í Klettsgötunni og eins út við sjóinn. Þar er sandurinn kallaður gullsandur og þykir fagur í sólskini.

Á 4. tug aldarinnar tóku menn að ræða nauðsyn þess að friða Búðahraun og var það girt af árið 1944. Árið 1977 var það friðlýst og er nú undir umsjón Náttúruverndarráðs og nýtur verndar þeirra laga. Samkvæmt þeim lögum er almenningi heimil för um hraunið og dvöl þar, en bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir. Og auðvitað er því treyst að allir gestir sem heimsækja þennan stað virði þessi sjálfsögðu ákvæði.

(Mbl.19. júní 1982)

II.

Malarrif, Lónrangar og Þúfubjarg.

Í síðasta þætti skoðuðum við okkur um á Búðum og nágrenni. Nú er ætlunin að halda áfram vestur nesið og staldra við á Malarrifi, Lónröngum og Þúfubjargi. Vegurinn liggur neðan undir Stapafellinu, fram hjá Arnarstapa og þegar komið er vestur fyrir afleggjarann að Hellnum opnast nýtt útisýni. Þá blasir við Þúfubjarg (Svalþúfu ber þar hæst), Lónrangar og vitinn á Malarrifi, en þessa þrjá staði er ætlunin að heimsækja í þetta sinn. Við skiljum bílinn eftir heima á Malarrifi og leggjum síðan land undir fót.

Á Malarrifi er varðstöð fyrir sjófarendur. Þar er bæði ljósviti og radioviti og vitavarðafjölskyldan, sem þar býr, er einu ábúendurnir á svæðinu frá Hellnum að

loranstöðinni við Gufuskála. Það er af sem áður var, þegar 210 manns bjuggu á svæðinu frá Dagverðará að Görðum í Beruvík samkvæmt manntali frá árinu 1703. Öld síðar hafði íbúunum fækkað í rúmlega 100. Þetta fólk bjó við afar þröngan kost í svonefndum þurrabúðum, það átti ekkert land og var algjörlega á valdi umboðsmanna

jarðeiganda, sem í flestum tilvikum var Danakonungur. Nú eru þessi hreysi horfin, en enn má sjá rústir þessara kota, sem minna á horfna tíma.

Þegar komið er heim að Malarrífi vekja miklar malardýngjur niðri við flæðarmálið athygli gesta. Mikið útræði var fyrrum á Malarrífi og sjórinn sóttur af kappi þótt lendingin væri afar slæm, fyrrum talin ein sú versta undir Jökli og var þá miklu við jafnað. Og ekki bætti það úr skák að eftir að sjómennirnir voru lentir urðu þeir að bera aflann á bakinu upp þennan háa og bratta malarkamb, sem er svo laus að mölin rennur til við hvert fót mál.

Eftir að hafa litast um við Malarrif, og skotist upp í vitann, ef leyfi fæst til þess, göngum við austur með ströndinni áleiðis að Lóndröngum. Ekki eru þeir árennilegir til að sjá þar sem þeir rísa lóðrétt upp frá fjöruborði eins og risaturnar. Sá stærri, sem nefnist Kristnidrangur, er 75 m á hæð, en sá lægri, sem nefnist Heiðnidrangur, er 61 m á hæð. Menn hafa lengi brotið heilann um það, hvernig þeir mynduðust. Var þess jafnvel getið til að einhver fyrnaöfl hefðu kastað ofan frá jökli og niður að sjó. Nú vita menn, að drangarnir hafi orðið til við eldsumbrot. Brimið hafi sorfið burtu sjálft eldvarpið nema Þúfubjarg, sem er austasti hluti þess og drangarnir tveir, en þeir eru sjálfir gígtapparnir. En hvað sem segja má um myndun þeirra og sögu, setja þeir sérkennilegan svip á umhverfið. Fyrrum voru þeir álitnir ókleifir með öllu uns Vestmannaeyingur, Ásgrímur Böðvarsson að nafni, kleif Kristnadrang 31. maí 1735. Heiðnidrangur var fyrst klifinn, svo vitað sé, á hvítasunnudag 1938. Til er þjóðsaga, sem segir frá sakamanni er forðaði sér undan réttvísinni með því að klifra upp á dranginn. Þaðan komst hann svo síðar í skjóli myrkurs og gat forðað sér. Nu hafa fræknir klettaklifrarar sigræð drangana oft en einu sinni og notað til þess fullkominn klifurbúnað.

En drangarnir búa yfir meiri dulúð en sést við fyrstu sýn. Í Landnámabók segir frá því er Laugabrekku-Einar veitti óvinum sínum eftirför vestur fyrir Þúfubjarg. Sá hann þá tröllkarl sitja uppi á öðrum drangnum og lét hann” róa fætur svo að þeir tóku brimið og skellti þeim saman svo að sjódrif varð af”. Ekki fara frkari sögur af þessum rísa. En í bók sinni Skyggna konan kveðst höfundurinn, Margrét J. Thorlacius, sjá kirkju með mörgum helgimyndum á veggjum í Kristnadrangi, en í Heiðnadrangi segir hún að sé stórt bókasafn og þar hefur hún séð mann sitja við borð og starfa að einhverskonar skriftum.

Þannig koma Lóndrangar fólki fyrir sjónir á mismunandi vegu. En líklegast eru þó allir sammála Símoni Dalaskáldi, ensvo kvað hann:

Um Lóndranga yrkja má,
eru þeir Snæfells prýði,
yst á tanga út við sjá,
aldan stranga lemur þá.

Stuttur spölur er frá Lóndröngum að Þúfubjargi. Það er eins og fyrr segir leyfar gamallar eldstöðvar. Sjávarmegin ganga lóðréttir hamrar þess beint í sjó fram. Þúfubjarg er frægast fyrir hina mögnuðu sögu um Kolbein Jöklaskáld og kölska, þegar þeir sátu saman á bjargbrúninni eina óveðursnótt, létu fæturnar lafa fram af og

kváðust á. Tungl óð í skýjum og brimlöðrið þeyttist upp í mitt bjarg. Svo hafði um samist að sá þeirra, er hikaði við að botna vísu tapaði leiknum og yrði um leið þjónn hins. Lengi nætur gekk hvorki né rak, botnarnir komu viðstöðulaust. Fór Kolbeini þá að leiðast þófið, dró hníf upp úr vasa sínum, brá egg hans fyrir glyrnurnar á kölska og hrópaði:

Horfðu í þessa egg,egg
undir þetta tungl, tungl.

Við þessa óvæntu aðferð Kolbeins brá höfðingjanum svo illilega, að honum vafðist tunga um tönn og fann ekkert orð, sem rímaði á móti tungl nógu fljótt. En Kolbeinn hélt viðstöðulaust áfram og botnaði:

Ég steypi ér þá með legg,legg
lið, sem hrærir úln, úln.

Nú hafði kölski tapað. Brá hann hart við, steypiti sér beint á höfuðið fram af bjargbrúninni og sá Kolbeinn í iljar honum þar sem hann hvarf í brimskaflana. Ekki áttust þeir félagar við eftir þetta.

Á góðviðrisdegi er hæpið að skilja dulúð svona sögu, en hvað getur ekki gerst ef staðið er fremst á Þúfubjargi að vetrarlagi í ofsaroki og ógnarbrimi?

En nú gista þúsundir bjargfugla Þúfubjarg vor hvert, og er það ærið athugunarefni að fylgjast með atferli þeirra, þótt ekki sé hugað að öðru. Eftir góða dvöl á bjargbrúninni (þar sem þeir Kolbeinn og kölski sátu) leggjum við af stað og röltum í rólegheitum að Malarrifi, þar sem bíllinn bíður okkar.

(Mbl. 25. júní 1982)

III

Djúpalónssandur og Dritvík.

Það er öllum kunnugt hversu tíminn hefur endaskipti á tilverunni. Saga þjóðanna sannar þetta áþreifanlega. Héruð, jafnvel heilir landshlutar, sem fyrrum voru miðstöð menningar- og atvinnulífs eru nú auðn og eyðimörk. Aðeins rústir einar minna á forna tíma og “nokkrir hlykkjóttir stafanna baugar” á fornum handritum greina frá því lífi og starfi, sem þar blómstraði fyrrum. Þetta þekkja allir, sem erlendis hafa verið og hafa kynnt sér brot af sögu hinna gömlu menningarþjóða.

Þótt saga okkar þjóðar sé ekki löng miðað sögur annarra Evrópuþjóða eigum við samt álíka hliðstæðu. Að vísu skortir þar rústir glæsilegra bygginga og frægðarsögur skráðar á pergament finnast varla, svo af þeim sökum kann ýmsum að þykja það lítils um vert að beina þangað för. En ég álít að öllum sé hollt að gera tilraun til að setja sig í fótspor forfeðranna, kynnast örlítið þeirri baráttu, sem þeir urðu að heyja fyrir lífi sínu og sinna og þeim aðstæðum er þeir áttu við að búa í því stríði.

Ströndin á utanverðu Snæfellsnesi er kjörinn vettvangur fyrir þá sem vilja komast í nána snertingu við slíka staði, staði er búa yfir mikilli sögu.

Fyrr á öldum var fjölmennt undir Jökli. Sá fjöldi óx mjög er líða tók á útmánuðina og vertíðin hófst. Þá flyktust menn í verið flestir fótgangandi. Þeir komu víða að, jafnvel úr Húnaþingi og Skagafirði og enn fjölgaði í lok vertíðar þegar bændur, víða að, komu í hinar árlegu skreiðarferðir “vestur undir Jökul” og höfðu meðferðis hundruð hrossa undir böggum. Þá var hér iðandi mannlíf. En kjörin voru

kröpp. Við hverja vík og hvern vog frá Búðum að Ólafsvík bjó fólk í þurrabúð, sem var ekki upp á marga fiska, flest í eynd og neyð, lifði á því sem sjórinn gaf, því grasnytjar handa búsmala voru litlar, en hann áttu fáir. Sá gróður sem þar óx upp og var nýtanlegur til eldiviðar var rifinn upp með rótum, þegar rekaspreakin, fjörubangið eða fiskbeinin dugðu ekki til uppkveikjunnar.

Einna hörðust mun þessi lífsbarátta hafa verið hjá sjómönnum í Dritvík og er því vel við hæfi að hafa þar síðasta áningarstaðinn í þessari ferð umhverfis Jökul.

Þegar komið er nokkuð norður fyrir Purkhóla liggur afleggjari frá þjóðveginum í áttina að ströndinni. Þetta er akbrautin yfir hraunið að Djúpalónssandi, sem er í allbreiðri vík er skerst inn í landið. Hún endar á höfða að sunnanverðu við víkina. Frá bílnum göngum við niður á sandinn eftir götuslóða, sem heitir Nautastígur. Djúpa lónin eru tvö og aðskilin frá sjónum með háum malarkambi. Í þeim er ferskt vatn. Menn héldu fyrrum, að neðra lónið væri botnlaust, en Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson rannsökuðu málið. Fengu þeir sér bát, reru út á lónið og mældu dýpið. Reyndist það vera 15 fet.

Undir kletti einum í botni víkurinnar eru aflraunasteinarnir frægu: Fullsterkur 155 kg, Hálfsterkur 140 kg og Hálfdrættingur 49 kg. Sá fjórði, Amlóði (23kg) var til, en hann brotnaði fyrir nokkru og er þar með úr leik. Hinir þrír eru til staðar og bíða þess, að kraftamenn komi og “færi þá á stall”. Í landlegum var það ein helsta skemmtun sjómanna að fást við þessa steina, ekki síst þegar þeir voru í blautum sjóklæðum, hefja þá á loft og leggja frá sér á stall einn þar hjá. Þannig var manndómspróf þeirra tíma.

Norðan við víkina gengur hár og breiður hraunhryggur fram í sjó. Heitir hann Suðurbarði eða Víkurbarði. Yfir þennan hrygg liggur leiðin í Dritvík, sem er þar rétt fyrir norðan. Fram af Suðurbarða, Dritvíkurmegin, er mikill klettur úti í sjó sem heitir Tröllakirkja. Í honum er hellir og segir sagan að Bárður Snæfellsáss hafi stigið fyrst á land í Dritvík og framið blót í hellinum sér til heilla, eftir siglinguna yfir hafið frá Noregi.

Og þá erum við komin í aðalverstöðina.

Fróðir menn telja að á 16.öld hafi útgerð hafist í Dritvík og hún stunduð þaðan allt fram á 19.öld, eða í um það bil 300 ár. Vitað er að milli 60 og 70 bátum, sex- og áttæringum, var róið þaðan þegar umsvifin voru sem mest og þámunu sjómennirnir hafa verið allt að 400, auk alls þess fólks, sem starfaði í landi við verkun aflans og ýmis konar störf. Sandurinn í botni víkurinnar nefnist Maríusandur og klettur tveir úti á víkinni eru kallaðir Bárðarskip og Bárðartrúss. Bendir það til þess að þau tvö, María mey og Bárður Snæfellsáss, hafi verið verndarar Dritvíkur.

Innsiglingin var um mjótt sund milli Bárðarskips og Dritvíkurbjargs, sem er utanvert við víkina. Hún var afar hættuleg í brimi og ólgusjó og mátti engu skeika, svo illa færi. En þegar komið var innfyrir Bárðarskip, á Pollinn svonefnda, var legan talin nokkuð trygg. Þá var lent við sandinn, báturinn dreginn á þurrt og hann lagður við hlið þeirra sem fyrir voru.

Ekki eru miklar menjar sjáanlegar um hið mikla og merkilega athafnalí í Dritvík. Vitað er um nöfn á nokkrum þurrabúðum sem stóðu í lægð í hrauninu upp af Pollinum. Við manntal árið 1703 voru 33 persónur heimilisfastar í Dritvík. Búðir vermannanna voru á víð og dreif á hraunkambinum fyrir ofan víkina. Þær voru hlaðnar úr grjóti, mosa troðið í glufurnar milli steinanna og sandi síðan mokað að. Brekán og segl voru m.a. notuð í þakið. Í þessum vistarverum án nokkurrar upphitunar, dvöldu vermennirnir til vertíðarloka um miðjan maí. En uppi á hrauninu sjást enn leifar af grjóthleðslunum þar sem fiskurinn var þurrkaður og hertur. Í Dritvík er ekkert ferskt

vatn að fá. Það urðu menn að sækja í Djúpalón og bera í fötum eftir götunni yfir Suðurbarða..

Hér hefur aðeins verið dregið á örlítið brot þeirrar sögu, sem gerðist í þessari fornu verstöð um 300 ára skeið. Aðeins ytri merki hennar sjást, en hvernig líðan fólksins var frá degi til dags sjáum við ekki, en þar verður ímyndunaraflið að ráða. Að öllum líkum er sú mynd ekki björt.

Á leiðinni til baka að bílnum er sjálfsagt að rifja upp hið snjalla erindi Jóns Helgasonar úr kvæði hans Áfangar. Það segir meira en mörg orð:

Nú er í Dritvík daufluga vist,
drungalegt nesið kalda.
Sjást ekki lengur seglin hvít
Sjóndeildarhringinn tjalda.
Tröllakirkjunnar tíðasöng
tóna þau Hlér og Alda.
Fullsterk mun þungt að færa á stall,
fáir sem honum valda.

(Mbl. 3. júlí 1982)